

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/1290****2019/EES/92/05****frá 31. júlí 2019**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/338 að því er varðar lágmarksinnihald blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga eða kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er BASF SE) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Notkun blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), var leyfð til tíu ára fyrir eldiskjúklinga eða kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/338 <sup>(2)</sup>.
- 3) Leyfishafinn lagði síðar til breytingu á skilmálum leyfisins fyrir þeirri blöndu með því að minnka lágmarksinnihald hennar úr 750 FTU/kg í 125 FTU/kg af fóðri. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).
- 4) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 23. janúar 2019 <sup>(3)</sup> að við ný, tillögð notkunarskilyrði geti blanda með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770) verið áhrifarík í þeim lágmarksskammti sem farið er fram á, sem er 125 FTU/kg fóðurs, að því er varðar eldiskjúklinga og að þessi niðurstaða geti átt við um kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur/til undaneldis. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðurukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Mat á blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/338 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/338, í dálkinum „lágmarksinnihald“ sem á við um eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, kemur „125 FTU“ í stað „750 FTU“.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 203, 1.8.2019, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2019 frá 25. október 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/338 frá 7. mars 2018 um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, eldisvín, gyltur, aukategundir svína til eldis eða undaneldis, eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, allar aðrar fuglategundir (að undanskildum varpfluglum) og fráferugrasi (leyfishafi er BASF SE) (Stjttíð. ESB L 65. 8.3.2018, bls. 17).

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(2), 5607.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. júlí 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---